

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1057/2012

2013/EES/28/18

frá 12. nóvember 2012

## um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á dímetýlpólýsílloxani (E 900) sem froðueyði í fæðubótarefnum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum<sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á dímetýlpólýsílloxani (E 900) sem froðueyði í fæðubótarefnum var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Fæðubótarefni í formi freyðandi taflna innihalda oftast sýrur (t.d. sítrónusýru) og vetniskolefnis- eða karbónatsólt. Töflurnar eru settar í vatn og við uppleysinguna myndast koltvísýringur. Koltvísýringurinn myndar oftast stígandi froðu sem flæðir yfir barma glassins. Því er nauðsynlegt að eyða þessari stígandi froðu, að hluta til eða í heild, með því að bæta froðueyði við freyðandi töfluna. Nota má dímetýlpólýsílloxan (E 900) sem skilvirkari valkost í stað þeirra pólýsorbata og súkrósaestera af fitusýrum sem er sem stendur heimilt að nota.
- 6) Í skýrslu frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu<sup>(3)</sup> er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á frekari prófum á dímetýlpólýsílloxani (E 900) þar eð fræðilega

inntekið magn, á grundvelli varfærnislegra ályktana um fæðuneyslu og notkun aukefna, fór ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku. Vísindanefndin um matvæli fastsetti 18. maí 1990 <sup>(4)</sup> 1,5 mg/kg líkamsþyngdar sem ásættanlega, daglega inntöku. Talið er að inntekið magn til viðbótar, sem er byggt á nýju notkuninni sem froðueyði í fæðubótarefnum í formi freyðandi taflna, sé minna en 10% af ásættanlegri, daglegri inntöku. Því er rétt að heimila notkun dímetýlpólýsílloxans (E 900) í fæðubótarefnum í formi freyðandi taflna.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun dímetýlpólýsílloxans (E 900) í fæðubótarefnum í formi freyðandi taflna telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 <sup>(5)</sup> gildir skráin yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, að meginreglu til frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun dímetýlpólýsílloxans (E 900) í fæðubótarefnum fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistöku dag að því er varðar þessa notkun matvælaaukefnisins.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 313, 13.11.2012, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> COM(2001) 542, lokagerð.

<sup>(4)</sup> [http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf\\_reports\\_32.pdf](http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_32.pdf)

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

---

VÍÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflökki 17.1 „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tryggjanlegum formum“ á eftir færslunni fyrir E.551–559:

„E.900	Dímetylpólýsifloxan	10		Einungis fæðubótarefni í formi freyðandi taflna	Gildistími: Frá 3. desember 2012
	(79): Hámarksgildi á við um uppleyst fæðubótarefni tilbúið til neyslu þegar það er þynnt með 200 ml af vatni.“				